

Sp.

41. Fyrirspurn

[39. mál]

til fjármálaráðherra um niðurgreiðslur og útflutningsbætur.

Frá Vilmundi Gylfasyni.

1. Hversu miklar niðurgreiðslur á landbúnaðarafurðir voru greiddar úr ríkissjóði á fyrstu níu mánuðum ársins 1980 (janúar—september)?
2. Hversu miklar útflutningsbætur á landbúnaðarafurðir voru greiddar úr ríkissjóði á sama tíma?
3. Hver er ferill þessara fjármuna? Hver tekur við þessum greiðslum, hve oft og hvenær? Um hvaða hendur fara þessir fjármunir, hversu lengi eru þeir á hverjum stað og hvenær koma þeir í hendur endanlegra viðtakenda?
Sundurliðaðra svara er óskað.

Óskað er skriflegs svars.